


Þróun lyfjaverðs og ástæður þess

Upplýsingar um smásöluverð lyfja Nóvember 2003

A. Þróun lyfjakostnaðar Tryggingastofnunar


Mynd 1 að neðan sýnir þróun útgjalda eftir málaflokkum heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytisins. Aukning útgjalda vegna lyfjabúða er óveruleg samanborið við aukningu heildarútgjalda ráðuneytisins.

Mynd 1.



Mynd 2 sýnir að útgjöld ráðuneytis vegna lyfjabúða sem hlutfall af heildarútgjöldum ráðuneytis hefur minnkað frá árinu 1997. Á sama tíma hefur hlutfall sjúkrahúspjónustu og heilsugæslu hækkað.

Mynd 2.



B. Þróun lyfjaverðs á Íslandi

Mynd 3 sýnir þróun vísitölu lyfjaverðs út úr apóteki. Nokkur mikil hækkun varð eftir 1. janúar 2002 þar sem greiðslupátttaka Tryggingarstofnunar ríkisins í lyfjakostnaði var minnkuð. Jafnframt er breyting til hækkunar eftir 1. apríl sama ár en þá var álagning á dýrari lyf lækkuð.

Mynd 3.



Þróunin er í samræmi við breytingar á gengi

Á árinu 2002 lækkaði verð lyfseðilsskyldralyfja í smásölu um 1,4% miðað við hámarksverð. Þetta er í samræmi við lækkun á meðalsölugengi evru fyrir sama tímabil en langt stærsti hluti lyfseðilsskyldra lyfja er keyptur inn í þeim gjaldmiðli.

Tafla 1. Hlutfallslegar breytingar á lyfjaverði og gengi íslensku krónunnar milli árána 2001 og 2002 (Verðbreytingar á lyfjum reiknaðar út frá Lyfjaverðsskrá; meðalgengi frá Hagstofu Íslands)

Mælikvarði	Breyting %
Verð lyfja í smásölu	-1,4
Meðalgengi í EUR	-1,3 *

* Breyting frá janúar til september 2002.

Heimild: Símt um lyfjamál - Samtök versunariinnar.

Apótek hafa tekið á sig lækkanir á greiðslupátttöku

Frá des 98 til okt 03 hefðu algeng lyf miðað við óbreyttar forsendur átt að hækka um 46-97% sbr. töflu 2. Ef vísitala lyfjaverðs er skoðuð fyrir sama tímabil kemur í ljós að hækkunin er 39%. Því er ljóst að apótekin í landinu hafi í gegnum árin tekið á sig lækkanir á greiðslupátttöku ríkisins í stað þess að fleyta þeim út í verðlagið. Tvær síðustu aðgerðir fóru hins vegar beint út í verðlagið í formi lægri afsláttu til sjúklinga enda apótekin komin yfir sársaukamörk.

Tafla 2 Hækkunir á heildargreiðslusjúklings frá desember 1998 til október 2003				
Dæmi 1	Algengt þvagræsilyf	E-merkt lyf		
		des.98		okt.03
	Grunnur að heildsöluverði	904		904
			Vísitöluleiðrétting	1,25
	Hámarks álagning (70% + 50 kr)	70%	Hámarks álagning (70% + 50 kr)	70%
		50		50
	Smásöluverð	1.587		1.971
	Fyrsta greiðsla sjúklings	900		1700
	Hlutfallsgreiðsla sjúklings	60%	412	80%
				217
	Heildargreiðsla sjúklings	1.312		1.917
			Hækkun frá des.98	46%
Dæmi 2	Algengt geólyf	B-merkt lyf		
		des.98		okt.03
	Grunnur að heildsöluverði	2.204		2.204
			Vísitöluleiðrétting	1,25
	Hámarks álagning (25% + 500 kr)	25%	Hámarks álagning (25% + 500 kr)	25%
		500		500
	Smásöluverð	3.255		3.944
	Fyrsta greiðsla sjúklings	900		1700
	Hlutfallsgreiðsla sjúklings	30%	707	65%
				1458
	Heildargreiðsla sjúklings	1.607		3.158
			Hækkun frá des.98	97%
Dæmi 3	Magalyf	E-merkt lyf		
		des.98		okt.03
	Grunnur að heildsöluverði	5614		5614
			Vísitöluleiðrétting	1,25
	Hámarks álagning (20% + 650 kr)	20%	Hámarks álagning (15% + 900 kr)	15%
		650		900
	Smásöluverð	7.387		8.970
	Fyrsta greiðsla sjúklings	900		1700
	Hlutfallsgreiðsla sjúklings	60%	3892	80%
				5816
	Heildargreiðsla sjúklings	3.300*		4.950
			Hækkun frá des.98	50%
*	Heildargreiðsla sjúklings miðar við hámarksreiðslu			

C. Atriði sem hafa áhrif á lyfjaverð til sjúklinga í apóteki

- Breytingar á álagningarreglum um lyf sbr. 1. apríl 2002. Skerðing á álagningu hafði í för með sér lækkun á afsláttum til sjúklinga, sbr. mynd 3.
- Breytingar á greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í lyfjakostnaði. Skerðing á greiðsluþátttöku hefur í för með sér skerðingu á afsláttum til sjúklinga sbr. tafla 3 sem sýnir að hámarksreiðsla fyrir B merkt lyf til lífeyrisþega í desember 2001 var kr. 950 en kr. 1050 í janúar 2002. Sá afsláttur sem apótekin veita í krónutölu frá hámarksverði hefur ekki breyst sem þýðir að hluti sjúklings og þar með lyfjaverð hækkar.

Tafla 3

Hámarksgreiðsla sjúklings (þak)
 Afsláttur apóteka
 Verð til sjúklings

	des.01	jan.02	Breyting
Hámarksgreiðsla sjúklings (þak)	950	1050	11%
Afsláttur apóteka	300	300	
Verð til sjúklings	650	750	15%

D. Þörf fyrir rýmkaðar álagningarreglur

- Aukið vægi lyfjaskömmunar í þjónustu apóteka.
- Auknar kröfur frá Lyfjastofnun varðandi mönnun, aðbúnað, gæðakerfi og rekstrarumhverfi apóteka.
- Auknar kröfur frá Persónuvernd sem fela m.a. í sér aukinn kostnað við varðveislu og meðferð persónuupplýsinga, fjárfestingu í upplýsingartæknikerfi og þjónustu í kringum það.
- Rýrnun er vaxandi vandamál í allri verslun í dag.
- Fyrningar. Heildsalar ekki fáanlegir til að taka á sig nema lítin hluta af fyrningum.
- Aukin kostnaður vegna lagerhalds samfara nýjum og dýrari lyfjum.
- Auknar kröfur á vöruflutninga valda hækkun á flutningskostnaði.
- Álagningartalan á heildsöluverð hefur ekki verið hækkuð miðað við neysluvísitölu, sbr. tafla 4 að neðan.

Tafla 4. Verðlagning lyfseöilsskyldra lyfja

Frá 1. apríl 2002

Hámarks heildsöluverð	Smásöluálagning
0 - 1000	70% + 50 kr
1001 - 3000	25% + 500 kr
3001 - 5000	20% + 650 kr
5001 - 8000	15% + 900 kr
8001 - 12000	10% + 1300 kr
> 12000	5% + 1900 kr

Strá sem var í gildi

Hámarks heildsöluverð	Smásöluálagning
0 - 1000	70% + 50 kr
1001 - 3000	25% + 500 kr
3001 - 6000	20% + 650 kr
6001 - 12000	15% + 950 kr
> 12000	10% + 1550 kr

E. Áhrif óbreyttra álagningarreglna " Möguleg fækkun apóteka og útibúa á landsbyggðinni Breyttar álagningarreglur hafa komið illa við apótek sem búa við verstu rekstraraðstæðurnar, einkum eru þetta apótek úti á landi. Þetta gæti leitt til niðurskurðar á þjónustustigi og jafnvel lokunnar á apótekum eða útibúum eins og dæmi eru um. " Lækkun afslátta til sjúklinga. F. Hvað hefur áhrif á lyfjakostnað " Aukin notkun á lyfjum sem fyrir eru á markaði o Fólksfjölgun o Aldurssamsetning þjóðarinnar o Fleiri meðferðarúrræði við ýmsum sjúkdómum " Tilkoma nýrri og dýrari lyfja (1. apríl 2002 var álagning dýrari lyfja lækkuð sbr. tafla 4.) " Læknar ávísa dýrari lyf " Nýliðun sjúklinga bæði fjölgun og endurnýjun. G. Áhrif skerðingar á greiðslupátttöku ríkisins " Hækkun á hluta sjúklings í lyfjaverði sbr. töflu 3. " Svigrúm apóteka til að veita lyfjafræðilega þjónustu minnkar. H. Möguleikar til hagræðingar

Rýmri reglur um afgreiðslu lyfja Samkvæmt lögum nr. 93 frá 1994, 31 gr. er gerð sú krafa að 2 lyfjafræðingar eigi að vera á vakt hverju sinni. Ef litið er til nágrannalöndanna t.d. Danmerkur eru reglur mun rýmri. Lyfjastofnun heimsótti nýverið ásamt formanni Lyfjafræðingafélagsins nokkur apótek í Danmörku. Þar kom eftirfarandi m.a. fram:

Reglur um afgreiðslu fjölnota lyfseðla

Lyfjafræðingur afgreiðir fyrsta skammt.
Lyfjatækna afgreiða næstu skammta.

Mönnun í apótekum

Í Danmörku er einn lyfjafræðingur ábyrgur fyrir 600 lyfjaafgreiðslum á dag. Hér á landi er það skoðun Lyfjastofnunar að einn lyfjafræðingur geti ekki afgreitt fleiri en 60 lyfjaafgreiðslur á dag. Rýmka þarf reglur og virkja betur aðra sérmenntaða starfsmenn, svo sem lyfjatækna, við lyfjaafgreiðslur hér á landi.

Skammtagjöld vegna tölvustýrðrar lyfjaskömmtnar Augljós þjóðfélagslegur sparnaður er af tölvustýrðri lyfjaskömmtnun. Sem dæmi um sparnað eru:

- betri meðferðarheldni
- lyf eru afgreidd til sjúklinga í smærri skömmtnun sem þýðir að rýrnun á lyfjum í heimahúsum minnkar verulega og Tryggingarstofnun ríkisins greiðir þar af leiðandi minna fyrir hvern skammt.

Ítrekað hefur verið farið þess á leit við opinbera aðila að þeir taki þátt í skammtagjöldum en engin svör hafa fengist. Til samanburðar má nefna að danska ríkið greiðir um 35-45 dkr. fyrir hverja vikuskömmtnun.

Breyting á kröfum Lyfjastofnunar um aðbúnað

- leyfi til að samnýta starfsmannaaðstöðu með öðrum rekstraraðilum
- viðtalsherbergi
- styttri afgreiðslutími
- starfsmannainngangur
- vörumóttaka
- mönnun

I. Önnur atriði

1. Virðisaukaskattur í nágrannalöndunum Nágrannalöndin hafa mörg hver ýmist lækkað eða afnumið virðisaukaskatt á lyf. Með því að lækka eða afnema virðisaukaskatt á lyfjum munu stjórnvöld hafa tækifæri til að leiðrétta kjaraskerðingar undanfarinna ára sem felast í lækkun á greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins og lækkun á álagningu lyfja. Að neðan eru dæmi um virðisaukaskatt í nokkrum nágrannalöndum.

Svíþjóð 0%
Bretland 0%
Holland 6%
Finnland 8%

Lokaorð

Með vísun í ofangreind atriði teljum við það ljóst að apótek í landinu þurfa auknar tekjur til að standa undir þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra og halda verði til sjúklinga óbreyttu.